

---

# Skýrsla regluvarðar Reykjavíkurborgar

---

fyrir tímabilið 1. febrúar 2025 til  
31. janúar 2026

---

Ólöf Marín Úlfarsdóttir lögfræðingur,  
regluvörður  
Halla Björg Evans lögfræðingur, staðgengill  
regluvarðar

---



## Efnisyfirlit

|                                                                                                                                                                                  |        |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|
| Inngangur .....                                                                                                                                                                  | - 2 -  |
| 1. Skýrsla til stjórnar .....                                                                                                                                                    | - 3 -  |
| 2. Staða og hlutverk regluvarðar hjá Reykjavíkurborg .....                                                                                                                       | - 3 -  |
| 2. Aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum .....                                                                                                                           | - 5 -  |
| 3. Ágreiningur um mat á upplýsingum .....                                                                                                                                        | - 6 -  |
| 4. Upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu .....                                                                                                                    | - 6 -  |
| 5. Frestun birtingu innherjaupplýsinga .....                                                                                                                                     | - 8 -  |
| 6. Mat regluvarðar á viðmiðum stjórnar um hverja skal setja á varanlegar innherjalista og hverjir skulu teljast til einstaklinga sem gegna stjórnendastörfum hjá útgefanda ..... | - 8 -  |
| 7. Fræðsla regluvarðar .....                                                                                                                                                     | - 11 - |
| 11. Samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið .....                                                                                                                           | - 11 - |
| 12. Einstök tilvik sem upp hafa komið .....                                                                                                                                      | - 12 - |
| 12. Önnur atriði .....                                                                                                                                                           | - 12 - |



## Inngangur

Reykjavíkurborg er útgefandi fjármálagerninga á skipulegum fjármálamarkaði og ber því lögum samkvæmt að hafa starfandi regluvörð og staðgengil hans. Regluvörður hefur umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé framfylgt hjá útgefanda. Stjórn útgefanda ber ábyrgð á eftirliti með því að reglunum sé fylgt.

Undirrituð hefur verið starfandi regluvörður um sex ára skeið og hafa lög og reglur um málaflökkinn tekið nokkrum breytingum á þeim tíma. Þær laga- og reglubreytingar sem haft hafa hvað mest áhrif á gildandi rétt hér á landi er innleiðing á svokallaðri MAR-reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik sem fjallar um aðgerðir gegn markaðssvikum og opinbera birtingu innherjaupplýsinga af hálfu útgefanda. Með lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem tóku gildi 1. september 2021, var MAR-reglugerðinni veitt lagagildi hér á landi og leysti þar með af hólmi áðurgildandi lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti svo og afleiddar reglur og reglugerðir.

Þann 15. september 2025 voru 10 ár frá því að fyrstu reglur Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga (hér eftir reglur Reykjavíkurborgar) litu dagsins ljós og öðluðust gildi. Þær voru uppfærðar þann 24. maí 2018 og nú síðast þann 9. október 2025 til samræmis við þær laga- og reglubreytingar sem átt hafa séð stað síðastliðin ár. Reglurnar hafa að auki verið endurskoðaðar og lagfærðar til samræmis við reglur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta nr. 44/2023 sem tóku gildi þann 27. janúar 2023 og koma í stað brottfallinna reglna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Tilgangur og markmið reglna Reykjavíkurborgar er að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga hjá Reykjavíkurborg sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á skipulegum fjármálamarkaði. Reglunum er einnig ætlað að taka til meðferðar starfsfólks Reykjavíkurborgar á innherjaupplýsingum og stuðla þannig að því að viðskipti þeirra með fjármálagerninga séu trúverðug og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða óeðlileg hagsmunatengsl. Meðfylgjandi skýrslu regluvarðar eru hinar nýsamþykktu reglur Reykjavíkurborgar ásamt fylgiskjali 1 um viðmið Reykjavíkurborgar um hverjir skulu skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg.



## 1. Skýrsla til stjórnar

Tryggt skal að regluvörður hafi milliliðalausán aðgang að stjórn útgefanda. Regluverði ber svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að leggja fyrir stjórn skýrslu um framkvæmd regluvörslu. Í 8. gr. reglna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta nr. 44/2023 kemur eftirfarandi fram:

*Í skýrslu regluvarðar gefur hann stjórn annars vegar yfirlit yfir störf sín og hins vegar greinir hann frá einstökum atriðum, ef tilefni er til. Í almennu yfirliti regluvarðar yfir störf hans skal m.a. getið um:*

- 1. Stöðu regluvarðar hjá útgefanda,*
- 2. aðgang regluvarðar að upplýsingum og gögnum,*
- 3. ágreining varðandi mat á upplýsingum (m.t.t. innherjaupplýsinga), ef við á,*
- 4. upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu,*
- 5. hvort birtingu innherjaupplýsinga hafi verið frestað á tímabilinu og umfjöllun um mat regluvarðar frá frestunartíma, meðal annars m.t.t. varfærinnar meðferðar innherjaupplýsinga,*
- 6. mat regluvarðar á viðmiðum stjórnar um hverja skal setja á varanlegan innherjalista og hverjir skulu teljast til einstaklinga sem gegna stjórnunarstöfum hjá útgefanda,*
- 7. þá fræðslu sem regluvörður hefur sinnt og á hvaða hátt hún var veitt,*
- 8. samskipti regluvarðar við fjármálaeftirlitið*
- 9. tilfallandi mál sem upp hafa komið, ef tilefni er til,*
- 10. önnur atriði.*

*Þá getur regluvörður lagt fram skýrslu fyrir stjórn vegna einstakra álitaefna ef tilefni er til.*

*Í framhaldi af skýrslu regluvarðar til stjórnar um framkvæmd regluvörslu skal stjórn sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar hjá útgefanda ef þörf krefur.*

*Þegar regluvörður lætur af störfum, skal hann ávallt skila skýrslu til stjórnar um framkvæmd regluvörslu frá síðustu skýrslu fram til starfsloka.“*

## 2. Staða og hlutverk regluvarðar hjá Reykjavíkurborg

Borgarráð, sem stjórn útgefanda, skipar regluvörð og staðgengil regluvarðar sem heyra í störfum sínum beint undir borgarráð. Á fundi borgarráðs þann 27. febrúar 2020 var undirrituð skipuð regluvörður og er jafnframt starfandi lögfræðingur fjármála- og áhættustýringarsviðs. Á fundi borgarráðs þann 11. júlí 2024 var Halla Björg Evans skipuð staðgengill regluvarðar. Hvorug hefur með höndum starf sem tengist með beinum hætti vörslu eða gerð verðmyndandi fjárhagsupplýsinga hjá Reykjavíkurborg. Bæði regluvörður og staðgengill uppfylla hæfisskilyrði



og hafa fullnægjandi þekkingu til að geta sinnt starfi regluvarðar. Þá verður að telja að regluvörður hafi aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum sem hann þarf til að rækja starf sitt.

Með samþykkt reglna Reykjavíkurborgar í borgarráði hefur hlutverk regluvarðar verið fest enn frekar í sessi, bæði hvað varðar sjálfstæði hans, frumkvæði og ótakmarkaður aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru til að hann geti sinnt starfi sínu, sbr. reglur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 44/2023. Regluvörður sinnir starfi sínu innan ramma þeirra laga sem gilda um Reykjavíkurborg sem útgefanda fjármálagerninga og hefur það hlutverk að hafa almenna umsjón með að reglum sé fylgt.

Þá er hlutverk regluvarðar m.a. eftirfarandi:

1. Veita álit á eðli upplýsinga, m.t.t. skilgreiningar á hugtakinu innherjaupplýsingar,
2. veita álit á því hvort heimilt er að fresta birtingu innherjaupplýsinga,
3. hafa yfirsýn yfir meðferð innherjaupplýsinga sem frestað hefur verið birtingu á,
4. sinna verkefnum tengdum innherjalistum og listum yfir nákomna aðila,
5. veita innherjum ráðleggingar vegna rannsóknarskyldu,
6. móttaka tilkynningar um viðskipti innherja,
7. senda tilkynningar um viðskipti innherja,
8. sjá um fræðslu til kjörinna fulltrúa, nefndarmanna og annars starfsfólks Reykjavíkurborgar sem að jafnaði búa yfir innherjaupplýsingum,
9. sjá um fræðslu til yfirmanna og stjórnenda Reykjavíkurborgar um tilkynningaskyldu til regluvarðar vegna breytinga á starfi starfsfólks,
10. sjá um samskipti fyrir hönd Reykjavíkurborgar við Fjármálaeftirlitið vegna innherjalista og innherjaupplýsinga,
11. hafa umsjón með samskiptaskrá,
12. sjá um gerð og kynningu á skýrslu til borgarráðs.



Þrátt fyrir að regluvörður starfi í umboði stjórnar er í reglum fjármálaeftirlitsins lögð höfuðáhersla á að regluvörður sé sjálfstæður í störfum sínum. Til að sjálfstæði regluvarðar í störfum sé tryggt er nauðsynlegt að viðkomandi hafi; aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum; fullnægjandi þekkingu til að geta sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt, t.d. á því hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga út frá þeim lögum og reglum sem gilda; og að önnur störf regluvarðar samrýmist hlutverki regluvarðar.

## 2. Aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum

Regluvörður skal hafa ótakmarkaðan aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynlegar eru til að hann geti sinnt starfi sínu. Opinber birting innherjaupplýsinga af hálfu útgefenda er nauðsynleg til að tryggja fjárfestum réttar upplýsingar á réttum tíma og að þeir séu ekki blektir. Það er mat regluvarðar að aðgangur að upplýsingum og gögnum varðandi fjárhagslega starfsemi Reykjavíkurborgar sé vel tryggður nú sem endranær svo að regluvörður megi rækja starf sitt eins og lög gera ráð fyrir.

Þrátt fyrir að regluverði beri að hafa aðgang að öllum upplýsingum og gögnum er enn nokkur brotalöm þegar kemur að upplýsingum um starfsfólk sem lætur af störfum svo og nýs starfsfólks sem skal, starfa sinna vegna, vera á innherjalista. Hvíliir sú skylda á stjórnendum og kjörnum fulltrúum að greina regluverði frá slíkum upplýsingum og halda regluverði upplýstum. Þá er lögð áhersla á í reglum Reykjavíkurborgar að regluverði sé greint tímanlega frá slíkum upplýsingum og þær skyldur að upplýsa um hverskonar breytingar sem verða á störfum hjá aðilum sem hlotið hafa stöðu innherja. Þá hefur regluverði aldrei borist tilkynning að frumkvæði innherja um breytingu á innherjaskráningu viðkomandi.

Í nóvember sl. var tekið í notkun rafrænt skráningarkerfi fyrir innherjaskráningar. Frá því að undirrituð var skipuð regluvörður hefur söfnun upplýsinga sjaldan eða aldrei gengið betur og heimtur umfram væntingar. Á um tveimur vikum frá opnun skráningarkerfisins höfðu allir innherjar hjá Reykjavíkurborg skilað innherjaskráningum sínum enda talsvert hagræði fólgið í því að hverfa frá afhendingu upplýsinga á pappír yfir í rafræna skráningu. Regluvörður fagnar þessari kærkomnu lausn sem léttir töluvert vinnu við innherjalista en einnig þess hagræðis sem fellst í því að handvirki hverskonar hefur minnkað umtalsvert.



### 3. Ágreiningur um mat á upplýsingum

Í 13. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga (sbr. 7. gr. MAR-reglugerðar nr. 597 frá 2014) er að finna nokkuð tæmandi upptalningu á þeim upplýsingum sem geta talist innherjaupplýsingar. Þar sem upptalningin er nær tæmandi ætti þeim sem vinna með fjárhagsupplýsingar að vera ljóst hvaða upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga. Hefur enginn ágreiningur komið upp um mat á upplýsingum á tímabilinu.

### 4. Upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu

Eftirfarandi upplýsingar voru birtar opinberlega á tímabilinu:

| Dagsetning | Fréttaflokkur                                                         | Efni                                                                                                                             |
|------------|-----------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 17.2.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Tilkynning um skuldabréfaútboð                                                                                                   |
| 19.2.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Reykjavíkurborg - Útboð RVK 44 1 og RVKN 35 1 í dag                                                                              |
| 20.2.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði Reykjavíkurborgar                                                                                |
| 14.3.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Tilkynning um skuldabréfaútboð                                                                                                   |
| 19.3.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Reykjavíkurborg - Útboð RVK 44 1 og RVKN 35 1 í dag                                                                              |
| 20.3.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði Reykjavíkurborgar                                                                                |
| 27.3.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Samningur um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar, RVK 53 1. RVK 32 1, RVK 44 1, RVKN 35 1 og RVKG 48 1 |
| 2.5.2025   | Ársreikningur                                                         | Ársreikningur 2024                                                                                                               |
| 2.5.2025   | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Reykjavíkurborg – Ársuppgjör og kynningarfundur fyrir markaðsaðila                                                               |
| 5.5.2025   | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Reykjavíkurborg kynning af fundi með markaðsaðilum                                                                               |



|            |                                                                       |                                                                            |
|------------|-----------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| 14.5.2025  | Ársreikningur                                                         | Ársreikningur 2024                                                         |
| 19.5.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Reykjavíkurborg – skuldabréfaútboð 21. maí                                 |
| 22.5.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Reykjavíkurborg niðurstaða úr skuldabréfaútboði                            |
| 26.6.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Rekstraruppgjör A-hluta Reykjavíkurborgar janúar til mars 2025             |
| 21.8.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði Reykjavíkurborgar                          |
| 21.8.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Útgáfuáætlun fyrir seinni hluta ársins 2025                                |
| 11.9.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar – júní 2025                    |
| 23.9.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð 24. september – skiptiútboð eða reiðufé                   |
| 25.9.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði                                            |
| 20.10.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð 22. október fellur niður                                  |
| 4.11.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2026 OG FIMM ÁRA ÁÆTLUN 2026 - 2030       |
| 4.11.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Kynningafundur fyrir markaðsaðila vegna fjárhagsáætlunar                   |
| 5.11.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Kynning af fundi fyrir markaðsaðila vegna frumvarps að fjárhagsáætlun 2026 |
| 17.11.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð 19. nóvember                                              |
| 19.11.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð RVK 44 1                                                  |
| 20.11.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði                                            |
| 27.11.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Breyttar forsendur vegna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2026           |
| 4.12.2025  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Árshlutareikningur janúar – september 2025                                 |
| 15.12.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð 17. desember                                              |





|            |                                                                       |                                                          |
|------------|-----------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|
| 17.12.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð RVK 44 1                                |
| 18.12.2025 | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði                          |
| 8.1.2026   | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Útgáfuáætlun Reykjavíkurborgar á fyrri hluta ársins 2026 |
| 13.1.2026  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð 14. janúar                              |
| 14.1.2026  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Skuldabréfaútboð RVK 44 1 og RVKN 35 1                   |
| 15.1.2026  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði                          |
| 15.1.2026  | Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar | Niðurstaða úr skuldabréfaútboði leiðrétting              |

## 5. Frestun birtingu innherjaupplýsinga

Samkvæmt 17. gr. MAR-reglugerðarinnar er meginreglan að útgefandi skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandinn senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þó getur útgefandi á eigin ábyrgð ákveðið að fresta birtingu slíkra upplýsinga til að vernda lögmæta hagsmuni útgefanda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frestun birtingar skal tilkynna FME SÍ þegar heimild til frestunar er nýtt. Ekki var um neina frestun á upplýsingum að ræða á tímabilinu.

## 6. Mat regluvarðar á viðmiðum stjórnar um hverja skal setja á varanlegar innherjalista og hverjir skulu teljast til einstaklinga sem gegna stjórnendastörfum hjá útgefanda

Samkvæmt 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsfólks með fjármálagerninga skal borgarráð setja viðmið um hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt greininni ber að endurskoða viðmiðið a.m.k. í upphafi hvers kjörtímabils. Núgildandi viðmið voru samþykkt 9. október 2025 með uppfærðum reglum Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga ásamt fylgiskjali 1 (viðmið Reykjavíkurborgar um hverjir skuli skilgreindir innherjar).



Samkvæmt 4. gr. leggur regluvörður mat á viðmið stjórnar um hverja skuli setja á varanlegan innherjalista og hverjir skulu teljast til einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum hjá útgefanda. Við framlagningu á uppfærðum reglum Reykjavíkurborgar í október sl. lagði regluvörður til viðmiði um hverjir væru skráðir á innherjalista að teknu tilliti til þeirra sem hafa að jafnaði aðgang að fundakerfi borgarráðs, *Saltfiskinum*, enda ekki unnt að aðgangsstýra aðgengi að upplýsingum sem þar eru birtar. Reglur Reykjavíkurborgar skerpa ennfremur á þeirri ábyrgð sem hvílir á starfsfólki Reykjavíkurborgar til upplýsingagjafar til regluvarðar vegna skráningar nýrra starfsmanna á innherjalista og að reglum þessum sé fylgt vegna innherjaupplýsinga sem starfsfólk kann að búa yfir vegna starfa sinna.

Með gildistöku laga nr. 60/2021 og MAR-reglugerðinni eru áherslur breyttar og hugtakanotkun önnur en í tíð eldri laga. Útgefendum er ekki lengur skylt að leggja fram lista yfir varanlega innherja til FME SÍ nema að þeirra beiðni og frumkvæði. Aðeins er gert ráð fyrir að örfáir aðilar séu skilgreindir sem varanlegir innherjar þ.e. þeir sem hafa ávallt aðgang að öllum innherjaupplýsingum sem útgefandi býr yfir. Regluvörður leitað álits Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna þessa sem taldi sig ekki geta gefið nákvæmar leiðbeiningar fyrir einstaka útgefendur um hverjir skyldu skilgreindir samkvæmt þessu. Samkvæmt MAR-reglugerðinni er skilgreiningin á hugtakinu innherji eftirfarandi og á við um alla sem búa yfir innherjaupplýsingum vegna:

- 1) setu sinnar í stjórn
- 2) starfs síns í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningum útgefandans
- 3) aðgangs að upplýsingum í krafti starfs, stöðu eða skyldna sinna
- 4) aðilar sem búa yfir innherjaupplýsingum við aðrar aðstæður en þær sem getur í lið 1-3 ef viðkomandi aðili veit eða ætti að vita að um innherjaupplýsingar er að ræða

Er það mat regluvarðar að varanlegir innherjar skuli vera þeir aðilar sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1 með reglum Reykjavíkurborgar enda falli starf þeirra undir skilgreiningu framagreindra liða.

Þegar upplýsinga- og skjalakerfi borgarinnar, Hlaðan, var tekið í notkun stóðu vonir til þess að hægt væri að færa notkun á fundakerfi Reykjavíkurborgar, *Saltfiskinum*, þar inn með tilheyrandi aðgangsstýringum á skjölum. Sú hefur ekki orðið raunin og verður Hlaðan ekki notuð í þessum



tilgangi eins og sakir standa. Enn er því *Saltfiskurinn* í notkun sem gerir það að verkum að fleiri eru á innherjalista en þyrftu ef virkni kerfisins væri önnur. Inni á *Saltfisknum* er hægt að nálgast m.a. viðkvæm fjárhagsleg gögn og öll þau gögn sem borgarfulltrúar, fulltrúar í ráðum og nefndum og þeir aðilar sem hér eru tilgreindir hafa aðgang að. Nær innherjalistinn yfir þau sem hér eru upptalin skv. fylgiskjali 1 með reglum Reykjavíkurborgar.

1. Regluvörð og staðgengil regluvarðar,
2. borgarfulltrúa, fyrstu varamenn og aðstoðarfólk,
3. borgarstjóra og aðstoðarmanneskju borgarstjóra,
4. borgarritara og staðgengil,
5. borgarlögmann og staðgengil,
6. fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, staðgengil og lögfræðing fjármála- og áhættustýringarsviðs,
7. skrifstofustjóra og sérfræðinga skrifstofu fjárstýringar- og innheimtu,
8. gjaldkera Reykjavíkurborgar,
9. skrifstofustjóra og sérfræðinga skrifstofu áætlunar- og hagsmála,
10. skrifstofustjóra og sérfræðinga á skrifstofu bókhalds- og uppgjörs,
11. skrifstofustjóra og sérfræðinga á skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar,
12. skrifstofustjóra og tilgreint starfsfólk skrifstofu borgarstjóra,
13. skrifstofustjóra og starfsfólk skrifstofu borgarstjórnar,
14. áhættustjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs,
15. samskiptastjóra Reykjavíkurborgar,
16. innri endurskoðanda og sérfræðinga innri endurskoðunar,



17. ytri endurskoðendur,

18. endurskoðunarnefnd ásamt varamönnum,

19. starfsfólk upplýsingatæknideildar sem vegna starfa sinna hafa óhindraðan aðgang að innherjaupplýsingum.

Einnig skal skrá aðra aðila, sem ekki eru taldi hér að framan en vegna starfa sinna, stöðu eða hlutverks og skyldna, hafa að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum. Hið sama á við um alla nákomna framangreindum aðilum, sbr. 11. gr. reglna Reykjavíkurborgar. Gegni aðili tveimur eða fleiri hlutverkum hjá Reykjavíkurborg, s.s. ef borgarstjóri er jafnframt borgarfulltrúi, nægir að skrá það einu sinni.

## 7. Fræðsla regluvarðar

Regluvörður skal reglulega annast fræðslu um lög og reglur sem gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Þá skal regluvörður meta hvaða starfsmenn, aðrir en innherjar, skulu fá fræðslu um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja m.t.t. meðferðar innherjaupplýsinga hjá útgefanda og hugsanlegrar stöðu þeirra síðar sem innherja. Við nýskráningu innherja sendir regluvörður viðkomandi bréf þar sem kynnt eru réttaráhrif þess að vera skráður innherji og þeim skyldum sem því fylgir. Einnig leggur regluvörður árlega fram skýrslu á fundi endurskoðunarnefndar og fyrir borgarráð. Þá kynnir regluvörður árlega fyrir starfsfólki fjárstýringar og áætlunar og uppgjörs þær reglur sem í gildi eru. Undirbúningur og umræður eru hafnar um að setja fræðslumyndband inn á fræðsluvef Reykjavíkurborgar sem auðveldað gæti aðgengi að einföldum og aðgengilegum upplýsingum um skyldur innherja.

## 8. Samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið

Regluvörður hefur ekki verið beðinn um að afhenda innherjalista eða lista yfir aðila fjárhagslega tengda innherjum til FME SÍ á sl. ári. Tveir aðilar hafa verið skráðir sem tímabundnir innherjar á tímabilinu vegna vinnu við yfirfærslu á innra drifi fjármála- og áhættustýringarsviðs og heldur regluvörður utan um þær upplýsingar.



## 9. Einstök tilvik sem upp hafa komið

Þann 22. september 2025 óskaði skrifstofustjóri fjárstýringar- og innheimtu eftir leiðbeiningum um hvernig skyldi standa að markaðspreifingum við markaðsaðila eftir lokun markaða. Regluvörður leiðbeindi viðkomandi um hvernig standa skyldi að skráningu vegna þessa tilviks og hafa öll samskipti verið vistuð í samskiptaskrá regluvarðar. Fyrir opnun markaða daginn eftir var tilkynning um útboð send í Kauphöll og telur regluvörður að rétt hafi verið staðið að öllu regluverki vegna þessa fráviks.

## 10. Önnur atriði

Reykjavík, 26. janúar 2026.

*Ólöf Marín Úlfarsdóttir, regluvörður*